

Pétur Ingi Haraldsson,  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnессýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. ágúst 2012  
Tilvísun: UST20120500210/ksj

## Aðalskipulagsbreyting í landi Heiðar við Faxa

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnессýslu er barst 31. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 – 2012 í landi Heiðar. Svæðið sem breytingin nær til er staðsett milli þjóðvegar nr. 35 og Tungufljóts, þar sem fossinn Faxi er í fljótinu og Fossnes skagar fram í Tungufljót.

### Framkvæmdasvæði

Áætlað er að reisa verslunar- og þjónustubyggingu næri fossinum til að þjónusta þá er koma til að skoða fossinn Faxa. Í samþykktu deiliskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 – 2012 er gert ráð fyrir svæði fyrir fristundabyggð og opnu svæði til sérstakra nota þar sem ofangreint verslunar- og þjónustusvæði er áætlað. Í dag er tjaldsvæði á merktu opnu svæði til sérstakra nota og skógræktarsvæði þar sem merkt er fristundabyggð á samþykktum aðalskipulagsuppdrátti.

### Náttúruminjar

Á fristundahúsavæði í landi Heiða er upprunalegt birki og teygir það sig inn á svæðið sem áætlað er að reisa verslunar- og þjónustubyggingu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að upprunalegu birki verði ekki raskað meir en orðið er á svæðinu. Þar af leiðandi telur stofnunin mikilvægt að byggingarreitur fyrir áætlaða verslunar- og þjónustubyggingu nái ekki inn á svæði þar sem vex upprunalegt íslenskt birki.

### Fossinn Faxi

Í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd er í 37. gr. listi yfir náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra ef þess er nokkur kostu, fossar falla undir jarðmyndanir sem þar eru taldar upp. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að öll umgengni við fossinn og við framkvæmdir í nágrenni fossins sé þess gætt að fossinn og nánasta umhverfi hans verði ekki raskað.

### Aðgengi almennings

Þar sem áætlað framkvæmdasvæði er í nágrenni Tungnafljóts bendir Umhverfisstofnun á gr.

23. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar kemur fram að óheimilt er að hindra umferð gangandi manna á vatns-, ár- eða sjávarbakka.

### **Frístundabyggð**

Áætluð þjónustubygging er frístundabyggð í landi Heiða og mun sjást frá frístundahúsi nr. 25. Að mati Umhverfisstofnunar mun verslunar- og þjónustubyggingin hafa áhrif á upplifun þeirra er dvelja í frístundahúsini bæði hvað varðar sjónræn áhrif og möguleiki er á neikvæðum áhrifum á hljóðvist sem Umhverfisstofnun telur mikilvægt að verði tekið tillit til.


### **Rotþró**


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að rotþró verði eins langt frá fossinum og kostur er, og gæta skal þess að aðkoma að rotþró skal vera greið enda allur akstur utanvega er bannaður.

### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun telur góðra gjalda vert að áætla þjónustu á svæði nálægt Faxa fyrir þá sem koma til að njóta fossins. Að mati stofnunarinnar mun slík verslunar- og veitingaþjónusta laða fleiri að en þá er áætla að skoða fossinn og þannig mun áætluð starfsemi auka umferð umfram þá er koma til að njóta fossins. Áætlaðar framkvæmdir munu því auka umferð inn á svæðið og er mikilvægt að hugað sé að móttöku gestanna þannig að umhverfi fossins fari ekki illa. Umhverfisstofnun bendir á að bannað er að aka utanvega og að við framkvæmdir skal öllu raski haldið í lágmarki.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun